

Pawel Bartoszek

pawelbartoszek@gmail.com

GSM:6946470

Minnisblað vegna fundar PB með allsherjar- og menntamálanefnd 29.11.2012 og 7.12.2012

Almennt er það mín skoðun að **sérfræðinganefndinni hafi tekist vel til** við vinnslu á tillögum stjórnlagaráðs og flestar þær breytingar eru til talsvert til bóta frá því sem áður var. Ég vil hins vegar árétta efasemdir um að rétt sé að gera miklar breytingar á mannréttindaáflaum. Sérstaklega ber að hafa í huga breytingar sem stofnað gætu til verulegrar útgjaldaaukningar ríkisins sem myndi þá eiga sér stað í gegnum dómsmál en ekki í gegnum lýðræðislegt ferli á Alþingi.

Þá er ég í grundvallaratriðum afar efins um að leggja eigi þær skyldur sem hvíla á ríkinu vegna mannréttindaákvæða á einkaaðila einnig.

Um "efnislegar breytingar"

Í umræðunni um breytingar sérfræðingarnefndarinnar virðast sumir stjórnlagaráðsfulltrúar leggja á það höfuðáherslu að sumar breytingar sérfræðingarnefndarinnar séu *efnislegar*, og láta í veðri vaka að nefndin hafi þannig farið út fyrir sitt umboð. Öllum sem lesa bókun stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar má vera ljóst að umboð nefndarinnar hafði ekkert með efnisleika tillagnanna að gera heldur átti hún að yfirfara tillögurnar m.a. m.t.t. "*mannréttinasáttmála sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að fara eftir, innra samræmis og mögulegra mótsagna, réttarverndar miðað við gildandi stjórnarskrá og greinargerð með tillögum [og] málsóknamöguleika gegn ríkinu*". Sú breyting að takmarka möguleika ríkisins á að svipta fólk frelsi (sjá 27. gr.) er klárlega efnisleg, en í fullu samræmi við umboð nefndarinnar, að mínu mati.

Aðaláherslan á að auðvitað vera á hvort tillögurnar eins og þær birtast í frumvarpinu eins og það stendur feli í sér breytingar á **gildandi stjórnarskrá** og hvaða breytingar þá. Í einhverjum tilfellum var stjórnlagaráð sjálf ekki afdráttarlaust hvað það varðar, til dæmis varðandi ákvæðin um eignarrétt og tjáningarfrelsi.

13. gr. (eignarréttur)

Ég **styð** breytingar sérfræðinganefndar á greininni, sem fela í sér brottfall orðanna, "Eignarrétti fylgja skyldur, svo og takmarkanir í samræmi við lög."

Rétt er að árétta að:

- breytingarnar samræmast þeim vilja stjórnlagaráðs sem fram kemur í skýringum ráðsins. ("*Það er eindregin skoðun Stjórnlagaráðs að réttaráhrif af þeim breytingum sem það leggur til á eignarréttarákvæði núgildandi stjórnarskrár séu lítil og er ætlunin ekki að breyta efnislegu inntaki eignarréttar á nokkurn hátt.*")
- vafi lék á, að mati sérfræðinganefndar, að tillagan eins og hún var sett fram stæðist 1.gr. viðauka 1. Mannréttinasáttmála Evrópu
- í 9. gr. tillagnanna er að finna almenn skerðingarákvæði sem ættu að duga löggjafanum
- væri þessu bætt inn að nýju, yrði þetta nánast eina mannréttindaákvæðið með sérstakri skerðingu, það yrði að sjálfsögðu túlkað með þeim hætti að verið væri að skerða þetta eina ákvæði umfram öðra

Í umræðum um þessi mál eru dæmin um nauðsyn þess að skerða eignarréttin oft sótt í gildandi réttarástand, til dæmis tók einn fulltrúi í stjórnlagaráði dæmi um að ekki mætti reisa háan turn á landareign sinni (á fundi 29.11.2012, eftir minni). Dæmi um skorður sem þegar eru til sanna auðvitað ekki nauðsyn þess að breyta eignarréttarákvæðinu, heldur þvert á móti. Allar slíkar skerðingar á eignarrétti geta endað fyrir dómi (og munu líklega gera það) sé þessum ákvæðum breytt.

Pawel Bartoszek

pawelbartoszek@gmail.com

GSM:6946470

Loks tel ég tel að ekki verður unnt að takmarka eignarréttindi útlendinga í fyrirtækjum og fasteignum á Íslandi eins og greinin stendur. Ég tel það jákvæða breytingu.

24. gr. (menntun)

Í 2. mgr. er sagt: "Öllum þeim sem skólaskylda nær til skal standa til boða menntun án endurgjalds." Óheppilegt er að ekki liggi skýrar fyrir hvaða fjárhagslegu áhrif þetta kunni að hafa og að ekki hafi verið skoðað betur hvaða dómsmál kunni að vera höfðuð á hendur ríkisins í ljósi þessa ákvæðis.

96. gr. (skipun embættismanna)

Er sammála sérfræðinganeftdinni um að þessi grein mætti ýmist verða orðuð almennar eða að fylgdi betur ráðleggingum Evrópuráðsins.

"Varðandi 96. gr. er það í öllu falli afstaða hópsins að betur fari á að löggjafinn hafi meira svigrúm til að ákvarða hvaða háttur sé hafður á mati á hæfni umsækjenda um embætti. Þá telur hópurinn að vandlega þurfi að veða og meta kosti og galla þess að Alþingi sé ljáð hlutverk við skipun dómara og annarra embættismanna."

VI Dómsvald

Styð tillöguna eins og hún liggur fyrir eftir breytingar sérfræðingahópsins. Teldi ekki heppilegt að opna fyrir fleiri sérdómstóla, afnema mætti sérstöðu Félagsdóms, ef eitthvað er.

Greinar er varða trúmál og trúfrelsi

Í umræðum á fundi mínum með nefndinni þann 29.11 kom fram í máli eins fulltrúa í stjórnlagaráði að "allir stjórnlagaráðsfulltrúar hefði verið sammála um að þjóðin ætti að eiga lokaorðið um þjóðkirkjuna" (tilvitnun eftir minni)

Ég vil áréttta að ég tel að fá mál henti verr til þjóðaratkvæðis en einmitt trúmál.

Pawel Bartoszek